

ÞJÓÐVELDISBÆRINN

Ársreikningur 2023


Þjóðveldisbærinn, Gnúpverjahreppi
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Kt. 490779-0279

Attestant
M

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar á ársreikninginn	3	Efnahagsreikningur	7
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	6	Skýringar	9



Skýrsla og áritun stjórnar á ársreikninginn

Þann 27. apríl 2023 skrifaði hússtjórn Þjóðveldisbæjarins undir samning um rekstur bæjarins. Samningurinn var afrekstur langa undirbúnings stjórnarinnar en auglýst hafði verið eftir rekstraraðila haustið 2022. Með samningnum vonast stjórnin til að færa aukinn kraft bæði í rekstur og markaðssetningu bæjarins en ekki síður í þau verkefni sem að snúa núna beint að stjórn, viðhaldi og umsjón með bænum sjálfum. Samningurinn markar jafnframt breytingu á rekstrarumhverfi bæjarins sem að endurspeglast í ársreikningi ársins 2023. Þar sem að rekstraraðilar sjá nú um allt mannahald og markaðssetningu dregst reikningurinn saman sem því nemur. Ný hússtjórn var skipuð til 4 ára þann 5. september. Meðal verkefna nýrrar hússtjórnar er að vinna að áframhaldandi þróun rekstrar bæjarins í samræmi við samning þar um. Unnið var að endurbótum á loftræstikerfi og varmadælum í tæknirými á árinu en stærra viðhald fór ekki fram.

Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi nam 1.046.884 kr. sem færist til hækunar á óráðstafað eigið fé.

Stjórn Þjóðveldisbæjar staðfestir hér með ársreikninginn fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2024

Í stjórn Þjóðveldisbæjar:


Guðmundur Finnbogason, formaður


Bjarni Hlynur Ásbjörnsson


Aðóur Harpa Þórssdóttir

Vilhelmína Jónsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Þjóðveldisbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Þjóðveldisbæjar fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstremi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu bæjarins á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álití

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Þjóðveldisbænum í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Þjóðveldisbæjarins. Ef við á, skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þeir ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa bæinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.


Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötvu allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákváðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirlarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falíð í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits bæjarins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófulllnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi bæjarins.




Áritun óháðs endurskoðanda frh.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 29. apríl 2024.

Deloitte ehf.




Jóhann Óskar Haraldsson
endurskoðandi



Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Aðgangseyrir og vörur	0	4.650.009	
Rekstrarstyrkur frá menningar- og viðskiptaráðuneyti	2.000.000	2.000.000	
Rekstrarstyrkur frá Landsvirkjun	1.000.000	10.260.083	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	3.000.000	16.910.092	
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	0	9.260.083	
Annar starfsmannakostnaður	0	236.496	
Bílaleiga og ferðakostnaður	0	562.027	
Viðhaldskostnaður	2.202.246	17.879.599	
Kynningarefni	211.236	1.447.755	
Áhöld, munir og búningar	0	133.093	
Fundakostnaður	16.800	0	
Vátryggingariðgjald	93.512	87.413	
Bókhaldskerfi og endurskoðun	612.205	505.326	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	3.135.999	30.111.792	
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði	(135.999)	(13.201.700)	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	1.532.952	978.942	
Vaxtagjöld og fjármagnstekjkuskattur	(350.069)	(314.042)	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	1.182.883	664.900	
Hagnaður (tap) ársins.....	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	1.046.884	(12.536.800)	



Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir

Skýr. 2023 2022

Fastaþjármunir:

Pjóðveldisbær - kostnaðarverð (brunabótamatsverð kr. 58.100.000) ...	468.770	468.770
Stafkirkja - kostnaðarverð (brunabótamatsverð kr. 7.730.000)	5.786.865	5.786.865
Fastafjármunir samtals	<u>6.255.635</u>	<u>6.255.635</u>

Veltufjármunir:

Skammtímakröfur	0	137.250
Menningar- og viðskiptaráðuneyti	2.000.000	400.000
Bankainnstæður	23.986.363	24.097.147
Veltufjármunir samtals	25.986.363	24.634.397

Eignir samtals 32.241.998 30.890.032

Eigið fé

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé		<u>31.921.797</u>	<u>30.874.913</u>
Eigið fé samtals	3	<u>31.921.797</u>	<u>30.874.913</u>

Skammtímaskuldir:

Eigið fé samtals 32.241.998 30.890.032

Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

Skýr.

2023

2022

Rekstrarhreyfingar

Hagnaður (tap)	1.046.884	(12.536.800)
Veltufé frá rekstri	1.046.884	(12.536.800)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:		
Skammtímakröfur, breyting	(1.462.750)	(115.500)
Skammtímaskuldir, breyting	305.082	(175.477)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(1.157.668)	(290.977)
Handbært fé (til) frá rekstri	(110.784)	(12.827.777)
Breyting á handbæru fé	(110.784)	(12.827.777)
Handbært fé í ársbyrjun	24.097.147	36.924.924
Handbært fé í árslok	23.986.363	24.097.147

Pjóðveldisbærinn. Ársreikningur 2023

8

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Almennt

- Þjóðhátiðarnefnd 1974 beitti sér fyrir byggingu þjóðveldisbæjar í Skeljastaðalandi í Þjórsárdal í tilefni af ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar. Bæjarrústirnar að Stöng í Þjórsárdal voru lagðar til grundvallar byggingu þjóðveldisbæjarins. Þjóðveldisbærinn var vígður árið 1974. Kirkja þjóðveldisbæjarins, reist að norskri fyrirmynnd, var vígð árið 2000. Um málefni hennar fer skv. málðaga fyrir kirkju þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal, sem undirritaður var af hússtjórn þjóðveldisbæjarins og biskupinum yfir Íslandi hinn 21. júlí 2000. Þjóðveldisbærinn og kirkjan eru eign íslenska ríkisins. Menningar- og viðskiptaráðuneytið fer með yfirstjórn og eigendaforræði yfir þjóðveldisbænum og kirkjunni.

Grundvöllur reikningsskila

- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum. Allur kostnaður vegna viðhalds og uppbyggingar Þjóðveldisbæjarins er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

Eigið fé

- Yfirlit um eiginfjárréikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2023	30.874.913	30.874.913
Hagnaður ársins	1.046.884	1.046.884
Staða 31.12.2023	31.921.797	31.921.797

AF BMW
HP